

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Mánudaginn 2. október 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 11<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Leikskólinn Barnaból**

Sveitarstjóri kynnti teikningar og kostnaðaráætlun að dyraskýli við leikskólann Barnaból. Fram kom að endurnýjun á dyraskýlinu er til kominn m.a. vegna endurbóta á plani og aðkomu að skólanum.

Hreppsnefnd ræddi teikninguna og fyrirkomulag og hönnun skólans almennt. Samþykkt að láta byggja dyraskýlið skv. fyrirliggjandi teikningum.

**2. Minnisblað um tónlistarnám framhaldsskólanema.**

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um kostnað vegna tónlistarnáms nemenda á framhaldsskólastigi. Í minnisblaðinu kemur fram að tónlistaskólar gera að skilyrði fyrir að taka nemendur á framhaldsskólastigi í nám að lögheimilissveitarfélag viðkomandi samþykki að greiða sveitarfélagshluta kostnaðar við námið. Þar kemur einnig fram að það er nokkuð misjafnt hvernig sveitarstjórnir hafa afgreitt slíkar beiðnir. Þá er fjallað um aðkomu ríkisins að málinu og einnig kemur fram að endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistaskóla hefur tafist nokkuð.

Hreppsnefnd ræddi málið og fór yfir helstu atriði sem fram koma í minnisblaðinu. Samþykkt að senda menntamálaráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga svohljóðandi ályktun:

Hreppsnefnd Höfðahrepps skorar á menntamálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir því að hraðað verði vinnu við endurskoðun á fjárhagslegum stuðningi við tónlistarskóla. Hreppsnefndin varar við því að blanda öðrum listgreinum inn í umræðu um lausn á fjárhagslegum skilgreiningum milli sveitarfélaganna innbyrðis annarsvegar og ríkis og sveitarfélag hins vegar.

**3. Fráveitumál – skýrsla Línuhönnunar**

Fyrir fundinum lá samantekt Línuhönnunar um fráveitumál á Skagaströnd. Samantektin byggir á skýrslu um framtíðafyrirkomulag fráveitu á Skagaströnd frá 1998 og er þar lagt mat á kostnað við ákveðnar lausnir og meta þær lausnir sem bent er á í skýrslunni frá 98. Í skýrslu Línuhönnunar er bent á hugsanlegar breytingar á áætlun í ljósi breyttra forsendna og einnig lagt gróft mat á heildarkostnað við endurbætur á fráveitu byggðarinnar. Fram kom að sækja þarf um framkvæmdastyrk til ríkisins fyrir 1. maí nk. skv. framkvæmdaáætlun sem fráveitunefnd umhverfisráðuneytis hefur samþykkt.

Hreppsnefnd ræddi fráveitumálin almennt en frekari umræðu og hugsanlegum ákvörðunum var frestað til næsta fundar.

**4. Bréf:**

a) *Markaðsskrifstofu Norðurlands dags. í sept 2006.*

Í bréfinu er kynnt starfsemi markaðsskrifstofunnar og fjallað um stöðu ferðamála almennt. Með bréfinu fylgdi kynningarbæklingur um MFN. Samþykkt að vísa bréfinu og umræðu um þátttöku í MFN til atvinnu og ferðamálanefndar.

b) *Lögmannsstofu Stefáns Ólafssonar, dags. 18. ágúst 2006.*

Með bréfinu er starfsemi lögmannsstofunnar kynnt og jafnframt boðin þjónusta við innheimtu gjalda.

Bréfið var til kynningar og sveitarstjóra falið að svara því.

c) *Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 28. ágúst 2006.*

Með bréfinu er starfsemi lánasjóðsins kynnt og bent á hagstæð lán sem sjóðurinn veitir sveitarfélögum.

Bréfið var til kynningar.

d) *Lömannssofunnar Egal ehf. dags. 29. ágúst 2006.*

Með bréfinu er vakin athygli á opnun lögmannsstofunnar Egal ehf. og boðin þjónusta stofunnar.

Bréfið var til kynningar.

e) *Ístex hf. dags. 19. sept. 2006.*

Með bréfinu er minnt á reikning frá félaginu vegna orkunotkunar fyrir sundlaug. Sveitarstjóra falið að finna lausn á málinu.

f) *Karitasar Pálsdóttur, dags. 16. ágúst 2006.*

Með bréfinu er kynnt stofnun fyrirtækis sem býður heilsufarsþjónustu og óskað eftir stuðning við framtakið.

Samþykkt að leggja 100.000 kr til markaðs og kynningarmála.

g) *Jafnréttisstofu, dags. 17. ágúst 2006.*

Með bréfinu er óskað eftir upplýsingum um jafnréttisnefndir sveitarfélaga svo og kynjaskiptingu í nefndum sveitarfélagsins.

Bréfið var til kynningar og sveitarstjóra falið að veita svör.

**5. Bréf til vegamálastjóra:**

a) *Vegna Skagavegar*

Bréfið var ritað til að hvetja til lagt verð bundið slitlag á 3,4 km kafla Skagavegar. Málið var til kynninga.

b) *Vegna þjóðvegur í þéttbýli á Skagaströnd*

Bréfið var ritað til að fara fram á endurbætur á þjóðvegi í þéttbýli á Skagaströnd, einkum bundnu slitlagi vegarins.

Málið var til kynningar.

*c) Vegna Skagastrandarvegur*

Bréfið var ritað til að fara þess á leit við Vegagerðina að Skagastrandarvegur á kaflanum frá Norðurlandsvegi að Höskuldsstöðum verði endurhannaður í nýrri veglínu og að framkvæmdin verði sett á 12 ára samgönguáætlun.

Málið var til kynningar.

*d) Svarbréf samgönguráðuneytis*

Í bréfi samgönguráðuneytis er greint frá því að ráðuneytinu hafi borist fyrrgreind erindi hreppsnefndar og að þau verði tekin til efnislegrar meðferðar við næstu endurskoðun samgönguáætlunar.

6. Fundargerðir:

*a) Hafnarnefndar, 6. sept. 2006.*

Fundargerðin var samþykkt.

*b) Tómsunda og menningarmálanefndar, 31. ágúst 2006.*

Fundargerðin var samþykkt.

*c) Tómsunda og menningarmálanefndar, 18. september 2006.*

Fundargerðin var samþykkt.

*d) Heilbrigðisnefndar Nl.vestra, 22. ágúst 2006.*

Fundargerðin var til kynningar.

*e) Sambands íslenskra sv.félaga, 23. júní 2006.*

Fundargerðin var til kynningar.

*f) Fræðslunefndar, 28. ágúst 2006.*

Fundargerðin var samþykkt.

*g) Atvinnu- og ferðamálanefndar, 31. ágúst 2006.*

Fundargerðin var samþykkt.

7. Önnur mál

Sigríður vakti athygli á að tannlæknaþjónusta hafi ekki verið veitt á staðnum undanfarna mánuði. Sveitarstjóra var falið að kanna í hvaða farvegi skólatannlækningar séu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 13<sup>00</sup>

1070-5

**Hreppsnefnd Höfðahrepps**  
**Fundargerðir**

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Sigríður Gestsdóttir  
(sign)

Halldór Ólafsson  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)

Erla Jónsdóttir  
(sign)

Magnús B. Jónsson  
(sign)